

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2001

frá 11. desember 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var að laegaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/37/EB frá 5. júní 2000 um breytingu á VI. kafla a „Lyfjagát“ í tilskipun ráðsins 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 81/851/EBE) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 L 0037:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/37/EB frá 5. júní 2000 (Stjtíð. EB L 139, 10.6.2000, bls. 25).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2000/37/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 238, 6.9.2001, bls. 15 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 139, 10.6.2000, bls. 25.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*)).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

B. Grydeland

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.